
Breyting á gjaldskrá

vatnsveitu nr. 118/2011 í Hveragerðisbæ

3. gr orðist svo:

3. gr.

Hveragerðisbær innheimtir vatnsgjald af öllum fasteignum í Hveragerði, sem tengdar eru eða munu tengjast Vatnsveitu Hveragerðis sbr. 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Vatnsgjaldið, ásamt öðrum tekjum vatnsveitunnar stendur undir rekstri hennar.

Árlegt vatnsgjald í Hveragerði er 0,08% af fasteignamati fasteigna í A-flokki.
Árlegt vatnsgjald í Hveragerði er 0,17% af fasteignamati fasteigna í B og C flokki.

4. gr orðist svo:

4. gr.

Hveragerðisbær innheimtir notkunargjald fyrir vatn sem er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisþarfa, sbr. 7. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Notkunargjaldið er miðað við notkun mælda í rúmmetrum.

Notkunargjald í Hveragerði frá og með 1. janúar 2018 eru kr. 12,50- pr. rúmmetra vatns.

Greiðendur aukavatnsgjalds skulu auk þess greiða leigu sem innheimt er árlega vegna notkunarmæla. Mælaleiga fyrir árið 2018 er:

Mælaleiga minni en 50 mm kr. 7.100,-
Mælaleiga stærri en 50 mm kr. 28.100,-

Þannig samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 14. desember 2017.

Aldís Hafsteinsdóttir
Bæjarstjóri.